

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Hornafirði, 25. febrúar 2021
nr. erindis 202102057 MÁ


Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.

Sveitarfélagið Hornafjörður tekur undir markmið laganna, þ.e. að flugvellir landsins og þjónusta við flugumferð þjóni þörfum samfélagsins með skilvirkni, hagkvæmni og öryggi í fyrirrúmi í samræmi við stefnu stjórnvalda í samgöngumálum.

Sveitarfélagið hefur jafnframt vakið athygli á hagkvæmri staðsetningu Hornafjarðarflugvallar við Evrópu og gæti þjónað mikilvægara hlutverki sem varaflugvöllur fyrir litlar og meðalstórar flugvélar á flugi til og frá Íslandi. Einnig hefur krafa sveitarfélagsins lengi verið sú að Hornafjarðarflugvöllur geti orðið að millilandaflugvelli fyrir litlar og meðalstórar flugvélar. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir sveitarfélagið að geta tekið móti alþjóðlegum flugvélum og mun skapa atvinnutækifæri tengt ákveðinni tegund ferðaþjónustu.

Sveitarfélagið fagnar því sem kemur fram í 4. grein laganna að heimilt sé að heimila öðrum aðila einstök verkefni í samræmi við markmið laganna og þar gæti t.d. fallið undir rekstur flugvallarins á Hornafirði.

Virðingarfyllt


Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

